

# Ársskil

## – skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2002 –

Hjálögð fylgir virðisaukaskatts-skýrsla vegna uppgjörstímabilsins 2002. Skýrslan er jafnframt giróseðill. Virðisaukaskattsskýrslan er ekki fylgigagn með skattframtali, heldur ber að skila henni, ásamt greiðslu (greiðsluskýrslu) eða nauðsynlegum fylgigögnum (inneignarskýrslu), eigi síðar en á gjalddaga **5. febrúar n.k.** Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þótt rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið (núllskýrslu). Meðfylgjandi er einnig orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 1/2003 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal, ásamt leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26). Vakin er athygli á því að hægt er að skila virðisaukaskatti rafrænt. Sækja þarf um rafræn skil á virðisaukaskatti til ríkisskattstjóra, sjá upplýsingar á heimasíðu ríkisskattstjóra (rsk.is). Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) er þó ekki hægt að skila rafrænt.

**Greiðsluskýrslu** skal skila, **ásamt** greiðslu, eigi síðar en á gjalddaga til innheimtumanns ríkissjóðs, banka, sparisjóðs eða pósthúss er veitir girógreiðslum viðtöku.

**Inneignarskýrslu** skal skila eigi síðar en á gjalddaga beint til viðkomandi skattstjóra **ásamt**

- 1) afriti af ársreikningi 2002
- 2) eða hreyfingalistum inn- og útskatts 2002
- 3) eða ljósriti af bókhaldshefti 2002.

**Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að skattstjóri hafni skýrslu og áætli virðisaukaskatt.**

### **Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26)**

skal skila ef leiðrétt þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila. Ef skattskyld velta ársins 2002 er 800.000 kr. eða meira þá er forsenda fyrir ársskilum brostin, þ.e. fyrir skilum einnar

skýrslu fyrir allt árið. Ber þá að útfylla leiðréttingarskýrslu eins og efni hennar segir til um. Í því felst að veltu og skattfjárhæðum er skipt niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 800.000 kr., féll í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings, sjá um hann á bakhlið leiðréttingarskýrslunnar. Leiðréttingarskýrslu ber að skila til innheimtumanns ríkissjóðs ásamt greiðslu, nema um inn eign sé að ræða, þá til viðkomandi skattstjóra. Komi til skila á leiðréttingarskýrslu vegna forsendubreytingar á ekki jafnframt að skila virðisaukaskattsskýrslu á giróseðilsforminu.

**Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23)**

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1207 og skattstjórar um land allt.

**GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA**